



Fundargerð 94. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 18. júní 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Sævar Örn Kristjánsson, Gunnar S. Gunnarsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Gylfi Ingvarsson, Guðmundur Sigurvinnsson og Jón Jóhannsson á fjarfundi.

Dagskrá:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 92
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Vinnudeilusjóður
4. Samstarf Iðnaðarmannafélaga
5. Málefni félagsmanns vegna orlofs
6. Mönnunarnefnd
7. Styrkur vegna veikinda barns
8. Lagt fram til upplýsingar
9. Önnur mál

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 92.

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

Þvinga á samningi VR, SGS og Flóans upp á alla. Launaþróunartrygging hentar ekki iðnaðarmönnum með samsett laun. Ekkert komið út úr sérmálum. Áframhald viðræðna byggðist á því að eitthvað kæmi þar. Allt óljóst með forsendunefnd.

Kosningu um verkfall hjá ISAL lauk í morgunn. Niðurataða að 94,3% samþykkja að fara í verkfall

Umræður: Menn ósáttir við þróun mála í samvinnu iðnaðarmanna. Þau félög sem virðast ætla að skrifa undir hafa fengið allt sem VM, RSÍ og Matvís náðu.

Launaþróunartrygging í drögum að samningum iðnaðarmanna félaganna og er komin frá samningum VR, SGS og Flóans, er óskiljanleg og vitað að hún mun fara illa í menn.

Staðan núna. Verkfalli var frestað til miðnættis aðfaranótt þriðjudagsins 22. júní. Ef Samiðn, Bókagerðarmenn og Hárið semja fyrir þann tíma staða, verður staða VM, RAFÍS, og MATVÍS sérstök. Ef verður af verkfalli er hugsanlegt að ekki verði samið við þessi félög fyrr en niðurstaða er komin í samninga Samiðnar, Bókagerðarmanna og Hársins. Þá vakna spurningar um hver árangur gæti verið af viku verkfalli.

Opnun tjaldstæða VM á Laugarvatni laugardaginn 27. júní. Auglýsing hefur verið send á félagsmenn.

3. Vinnudeilusjóður

Hefja þarf vinnu við að skilgreina markmið með félagssjóði. Nú þegar lítur út fyrir að það reyni á verkfallssjóð félagsins, kemur í ljós að hann þarf að vera mun stærri til að gegna hlutverki sínu og geta greitt almennilega styrki þegar á reynir..

4. Samstarf Iðnaðarmannafélaga

Halda á samstarfinu áfram en móta betur leikreglur. Vandamálið nú er að hluti félaganna gat hlaupist undan merkjum í stað þess að standa saman allt til enda. Menn sammála um að halda samstarfinu áfram.

5. Mál vegna uppgjör á orlofi félagsmanns við starfslok

Stjórn VM telur félagið ekki geta sótt málið fyrir manninn, of mörg óvissuatriði og ónákvæmni í uppgjöri sem gerir málið ekki heppilegt sem prófmál.

6. Mönnunarnefnd

Frávik á uppsjávarskipum. Tillaga mönnunarnefndar um orðalag í forsendum fyrir fækkun á uppsjávarskipum frá 16. júní 2015. Málið snýst um kröfu VM um yfirlýsingu frá útgerðu um að vélstjórar vinni ekki við afla og veiðarfæri. Útgerðarmenn vilja ekki gefa út slíka yfirlýsingu. Hugmyndir í gangi um að útfæra hana með stafslýsingu.

7. Styrkur vegna veikinda barns

Hafa nýtt allan rétt í sjúkrasjóði og möguleiki fyrir þau að sækja um í Fræðslusjóði VM. Stjórnin telur sig ekki geta styrkt þau umfram það.

8. Lagt fram til upplýsingar

Gögn frá ASÍ um losun fjármagnshafta

9. Önnur mál

Spurt var um taxta í kaupskipasamningi. Samkomulag var um að hækka töfluna um þær hækkanir sem fengust í fyrirtækjasamningi komi inn í nýjan samning. Munum sækja þetta þegar viðræður hefjast.

Næsti fundur áætlaður eftir miðjan ágúst, nema tilefni verði til að kalla saman stjórn.

Fundi slitið kl. 13:30

Halldór Arnar Guðmundsson ritaði fundargerð